

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 111/2025

2025/EES/46/22

frá 8. maí 2025

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/3098 frá 12. desember 2024 um gildin sem varða frammistöðu framleiðenda og samlög framleiðenda nýrra fólksbifreiða og nýrra, létttra atvinnuökutækja fyrir almanaksárið 2023 samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/631 ⁽¹⁾.
- 2) XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 21azs (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2866) í XX. viðauka við EES-samninginn:

„21azt. **32024 D 3098**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/3098 frá 12. desember 2024 um gildin sem varða frammistöðu framleiðenda og samlög framleiðenda nýrra fólksbifreiða og nýrra, létttra atvinnuökutækja fyrir almanaksárið 2023 samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/631 (Stjtið. ESB L, 2024/3098, 16.12.2024).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarákvörðunar (ESB) 2024/3098, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 9. maí 2025, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. maí 2025.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2024/3098, 16.12.2024, ELI:http://data.europa.eu/eli/dec_impl/2024/3098/oj

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.